

Minnisblað

Til: Menningarmálanefndar
Frá: Tinna Ólafsdóttir
Dags. 18. ágúst 2021
Mnr. 2021050059



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - hátíðir í Ísafjarðarbæ 2022.docx

Fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2022 leggur undirrituð til að áætlað verði fjármagn í eftirfarandi hátíðir á vegum Ísafjarðarbæjar undir lið 05720 – aðrar hátíðir:

- Skíðavikan
- 17. júní hátíðahöld
- Veturnætur
- Skemmtanir þegar jólaljós eru tendruð

Einnig er lagt til að stuðningur verði áfram við þær hátíðir og hátíðahöld sem hafa fest sig í sessi í sveitarfélaginu og styrktar hafa verið hingað til, en eru á vegum ýmissa félagasamtaka í sveitarfélaginu.

Helsta breytingin sem lögð er til í gerð fjárhagsáætlunar fyrir lið 05720 er að gert verði ráð fyrir fjármagni til ráðningar verkefnisstjóra við skipulagningu og framkvæmd hátíðahalda á 17. júní.

Þá er einnig vert að ítreka að breytingar verða á bókhaldslegum færslum er varða hátíðir, í samræmi við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015, og munu millifærslur og kostnaður sem hingað til hefur verið áætlaður á 06720 – íþróttahátíðir færast yfir á 05720.